

2025



Félag Sameinuðu  
þjóðanna  
UNA ICELAND

# ÁRSSKÝRSLA

ÁSAMT ÁRSREIKNINGI



Mynd: Model UN þátttakendur

# YFIRLIT

3	ÁVARP FORMANNS
4	UM FÉLAG SP
4	STEFNA FÉLAGSINS
5	KYNNINGARMÁL
6	VERKEFNI OG VIÐBURÐIR
6	UNESCO-skólar
9	Alþjóðaár jökla á hverfanda hveli og samkeppni ungs fólks
9	Árlegur fundur í UN City
10	JPO ungliðar hjá SP
10	Spænskuhátið og heimsmarkmiðin
10	Sjálfstæður sérfræðingur SP á Íslandi
11	Nýr verkefnastjóri UN80
11	Bogi Ágústsson tilnefndur fyrsti heiðursfélagi FSP
12	Ungmennafulltrúar SP frá Íslandi með skilaboð á viðburði með forseta Íslands í Japan
12	Samráðsfundir um setu Íslands í mannréttindaráði SP
13	Skýrsla Mannfjöldasjóðs SP kynnt í Loftsklyttastöðinni
13	Fánadagur heimsmarkmiðanna
14	Heimsmarkmiðin gefin út á auðlesnu máli
14	Verður heimurinn betri? Bókaútgáfa og nýr vefur
15	Fyrsta Model UN á Íslandi í yfir 10 ár
15	Flóttamannafulltrúi SP, Filippo Grandi, fundaði með íslenskum félagasamtökum
16	Ljósmyndasýningin NærVera
16	Draumur um jökul - menntskælingar á Sólheimajökli
17	Viðburðir í tilefni 80 ára afmæli Sameinuðu þjóðanna
19	INNRA STARF FÉLAGSINS
19	Stjórn, starfsfólk og starfsnemar
21	Innra starf í tölum 2025
22	TEKJUR OG GJÖLD 2025
22	Tekjur
22	Gjöld
22	Niðurstaða
23	SAMSTARFSADILAR
25	LÖG FÉLAGSINS
26	ÞAKKIR



## ÁVARP FORMANNS

Árið 2025 var viðburðarríkt hjá Félagi Sameinuðu þjóðanna. Það einkenndist af öflugum fræðslu og kynningarstarfi, skapandi samstarfi við UNESCO skóla, kennara og nemendur og virku samtali við borgarasamfélagið. Árið markaði jafnframt 80 ára afmæli Sameinuðu þjóðanna. Af því tilefni stóð félagið fyrir fjölmörgum viðburðum fyrir fólk á öllum aldri sem miðuðu að því að efla skilning á hlutverki og gildum Sameinuðu þjóðanna og mikilvægi alþjóðasamstarfs. Tímamótin kölluðu jafnframt á ígrundun um stöðu og framtíð alþjóðakerfisins á tímum vaxandi óvissu og togstreitu.

Eitt af því sem stóð sérstaklega upp úr að mínu mati á árinu voru verkefni félagsins sem tengdust alþjóðaári jökla en Sameinuðu þjóðirnar helguðu árið 2025 jökulum á hverfandi hveli. Þessi áhersla hefur djúpa merkingu fyrir Ísland. Jöklar eru hluti af náttúru okkar, menningu og sjálfsmynd.

Áhersla ársins á verndun jökla minnir okkur á að loftslagsbreytingar eru ekki fjarlæg áskorun heldur áþreifanlegur veruleiki sem kallar á sameiginleg viðbrögð. Mannréttindamál hafa einnig verið mikilvægur hluti af starfi okkar í ár en félagið gegnir mikilvægu hlutverki í að efla samráð við borgarasamfélagið í tengslum við setu Íslands í Mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna. Slíkt samráð er lykilforsenda virks lýðræðis og ég er afskaplega stolt af starfi félagsins á þessu sviði. Samtal milli stjórnvalda og frjálsra félagasamtaka sem vinna að mannréttindum hefur sjaldan verið mikilvægara en nú og verður slíkum verkefnum framhaldið.

Á síðasta aðalfundi tókum við það skref að útnefna fyrsta heiðursfélaga í Félagi Sameinuðu þjóðanna. Sú viðurkenning féll í skaut Boga Ágústssonar fréttmanns og fyrrverandi framkvæmdastjóra félagsins. Hún var veitt fyrir ómetanlegt framlag hans til félagsins en ekki síður fyrir mikilvægt hlutverk hans sem fréttamanns og boðbera alþjóðasamvinnu. Á tímum upplýsingaóreiðu og falsfrétta skiptir sköpum að umfjöllun um alþjóðamál sé unnin af fagmennsku, yfirvegun og trausti. Við erum þakklát Boga fyrir að sinna því hlutverki af einstakri alúð. Síðast en ekki síst stórefldist ungmennastarf félagsins á árinu. Með auknum krafti í Model UN (MUN) ráðstefnum, sem þróaðar voru á árinu með ungu fólk og fyrir ungt fólk, skapaðist vettvangur þar sem ungmenni hafa tekist á við alþjóðleg málefni samtímans með eftirtektarverðum hætti.

Hér hefur aðeins verið tæpt á örfáum áherslum og verkefnum. Í ársskýrslunni og á heimasíðu félagsins má finna ítarlegri umfjöllun um fjölbreytt og metnaðarfull verkefni ársins. Að lokum vil ég þakka þeim fjölmörgu sem hafa lagt hönd á plóg: starfsfólki, sjálfboðaliðum, samstarfsaðilum og öllum þeim sem hafa sýnt starfinu traust og stuðning. Án ykkar væri þetta starf ekki mögulegt. Það er einmitt þessi samvinna og trú á mikilvægi verkefnanna, markmiða og gilda Sameinuðu þjóðanna sem gerir okkur kleift að halda áfram.

Við hjá félaginu hvetjum öll til að láta sig Sameinuðu þjóðirnar varða, láta sig alþjóðleg málefni varða og taka þátt í þeirri sameiginlegu vegferð að byggja upp réttlátari og sjálfbærari heim.

Hljójar kveðjur, fyrir hönd stjórnar og starfsfólks,

*Eva Harðardóttir*



## UM FÉLAG SP

Tilgangur Sameinuðu þjóðanna er að stuðla að samræðum og samstarfi allra þjóða heims og vinna að því að treysta alþjóðafrið, mannréttindi og sjálfbærni. Félög Sameinuðu þjóðanna voru á sínum tíma stofnuð til að skapa brú milli almennings og SP og færa starfsemi þeirra nær almenningi með virkri upplýsingagjöf um samtökin. Í dag eru Félög SP starfandi í yfir 100 aðildarlöndum Sameinuðu þjóðanna. Félag SP á Íslandi, sem stofnað var árið 1948, hefur það hlutverk að stuðla

að því að þorri íslensku þjóðarinnar þekki til

SP og heimsmarkmiðanna um sjálfbæra þróun. Stór hluti af fjármunum ríkisins til þróunarsamvinnu fer til Sameinuðu þjóðanna og því er lögð sérstök áhersla á að miðla upplýsingum um starfsemi SP sem snýr að málefnum þróunarlanda. Félag Sameinuðu þjóðanna veitir almenningi, skólum, stofnunum, fjölmiðlum, fyrirtækjum og öðrum aðilum sem þess óska upplýsingar um SP og heimsmarkmiðin. Félag Sameinuðu þjóðanna gætir ávallt hlutleysis og flytur mál sitt í anda sáttmála SP og nýtir í fræðslu- og upplýsingastarfi sínu þá opinberu viðurkenningu sem það hefur á vettvangi SP. Árið 2023 var ný stefna FSP samþykkt af stjórn félagsins þar sem markmið, hlutverk og framtíðarsýn voru endurskoðuð í takt við þær breytingar sem orðið hafa á starfsemi þess og aukningu verkefna og viðfangsefna síðustu ár.

Félagið hefur aðsetur í Mannréttindahúsinu, Sigtúni 42, 105 Reykjavík.

## STEFNA FÉLAGSINS

Hlutverk Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi er að næra starfsemi Sameinuðu þjóðanna með samstarfi og samvinnu og vera leiðbeinandi afl í þjóðfélaginu með áherslu á heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun. Þannig styður félagið við þekkingu og hvatningu í alþjóðastarfi SP og stuðlar að samstarfi og tengslamyndun innan samtakanna. Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi leggur áherslu á margvísleg verkefni til að auka almannavitund, fræðslu og samfélagsumræðu um Sameinuðu þjóðirnar, heimsmarkmiðin og þróunarmál, sbr. ramma- og samstarfssamninga við utanríkisráðuneyti, mennta- og

barnamálaráðuneyti og íslensku UNESCO nefndina.

**Gildi: þekking, samvinna og virðing.**

### Framtíðarsýn


Framtíðarsýn Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi er að vera afl til friðar, félagslegs réttlætis og umhverfisverndar með stuðningi við hnattræna borgaravitund.


### Markmið


- Fjölbreyttari og aðgengilegri miðlun um heimsmarkmið SP.
- Efla þekkingu og færni ungs fólks til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, sbr. heimsmarkmið 4.7.
- Aukið framboð upplýsinga um SP og þróunarsamvinnu.


# KYNNINGARMÁL

Félag Sameinuðu þjóðanna leggur mikla áherslu á öfluga upplýsingagjöf um starfsemi Sameinuðu þjóðanna og heimsmarkmiðin til almennings. Vefir félagsins eru ein leið til þess að miðla upplýsingum og fræðslu um starfsemi, sögu og verkefni Sameinuðu þjóðanna og af framgangi heimsmarkmiðanna.

 [www.un.is](http://www.un.is) [www.globalis.is](http://www.globalis.is) [www.verdurheimurinnbetri.is](http://www.verdurheimurinnbetri.is) [www.hvadgetumvidgert.is](http://www.hvadgetumvidgert.is)

 <https://www.facebook.com/UNAiceland>

 [www.instagram.com/UNAiceland](http://www.instagram.com/UNAiceland)

 <https://www.youtube.com/@felagsameinuujoannaaisland428>

 [www.twitter.com/UNAiceland](http://www.twitter.com/UNAiceland)

 <https://www.linkedin.com/company/unaiceland>

**Facebook** síða félagsins virkar sem fréttaveita fyrir félagsmenn og fleiri áhugasöm en hún er nýtt til þess að upplýsa um áherslur SP hverju sinni, verkefni félagsins og til að miðla upplýsingum um viðburði og verkefni sem snúa að heimsmarkmiðunum. Ítarlegar umfjallanir og greinar birtast einnig reglulega á heimasíðu félagsins og hvetjum við áhugasöm til þess að kíkja reglulega á síðuna fyrir nýjan fróðleik. **Fréttabréf** til félagsmanna berst í tölvupósti 2-3 á ári þar sem fjallað er um helstu verkefni og viðburði. Hægt er að gerast félagi á vefsíðu félagsins, **un.is**, og hvetjum við öll sem áhuga hafa á SP og alþjóðasamvinnu að skrá sig. FSP er einnig á flestum öðrum vinsælum miðlum, eins og Instagram, X og LinkedIn.

**Verdurheimurinnbetri.is** er nýr gagnvirkur vefur, upphaflega gefinn út af UNDP í Svíþjóð af 14íslands. Á vefnum má finna fjölbreytt og gagnvirkt efni fyrir skóla, kennara og aðra áhugasama. Efnið byggir á nýjustu tölfræðilegri framsetningu um þróun heimsins og heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun og er ætlað til að vekja til umræða, fræða og hvetja til virkni meðal ungs fólks. **Globalis.is** er upplýsingavefur sem gagnast fræðimönnum, fjölmiðlum og menntastofnunum en tölfræðiupplýsingar uppfærast sjálfkrafa frá gagnagrunnum stofnanna Sameinuðu þjóðanna. Globalis vefurinn fékk yfirhalningu 2023 og var tekinn í gagnið í upphafi árs 2024. **YouTube**-rás félagsins hefur að geyma myndbönd sem hafa verið þýdd og textuð eða talsett á íslensku um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og myndbönd sem framléidd hafa verið af eða fyrir félagið. Vefurinn **Hvadgetumvidgert.is** hýsir sjónvarpsþáttaröð að sama nafni en félagið var meðframléiðandi ásamt SagaFilm, Festu - miðstöð um samfélagsábyrgð og sjálfbærni og Grænvangi. Þættirnir fjalla um lausnir í baráttunni við loftslagsbreytingar og henta einstaklega vel við kennslu á málaflokkinum þar sem um ræðir einfaldar lausnir og útskýringar í tengslum við þær.

# VIÐBURÐIR OG VERKEFNI 2025

Verkefni ársins voru fjölbreytt og marghliða en markmið þeirra var að fræða og kynna almenning fyrir málefnum Sp, þátttöku Íslands í alþjóðasamstarfi og þróunarsamvinnu og að auka vitund um heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun. Meiri áhersla hefur verið í umfjöllun og kynningu á málefnum UNESCO og UNESCO-skólum, en Ísland sat í framkvæmdastjórn til 2025. Félagið fjallaði um samstarfsstofnanir sínar og ýmis málefni tengd Sameinuðu þjóðunum, átti í miklu samstarfi við systursamtök sín á Norðurlöndunum og í Evrópu, hannaði, þýddi og gaf út fræðsluefni, sá um kynningar í skólum fyrir nemendur og kennara og leiddi samráð borgarasamfélagsins við stjórnvöld í tengslum við setu Íslands í mannréttindaráði Sp '25-'27. Þar að auki voru Sp 80 ára og stóð félagið fyrir ýmsum viðburðum og herferðum í góðri samvinnu og samstarfi því tengdu frá september til desember.

## UNESCO-SKÓLAR

Í lok ársins 2025 voru UNESCO-skólar 27 talsins. Um er að ræða tvo leikskóla, 11 grunnskóla og 14 framhaldsskóla. Kynning á verkefninu hefur verið eflað til muna og áhugi skóla aukist mikið, sérstaklega á framhaldsskólastigi.

- Leikskólinn Akrasel
- Leikskólinn Gimli
- Flóaskóli
- Landakotsskóli
- Laugarnesskóli
- Patreksskóli
- Salaskóli
- Tálknafjarðarskóli
- Grunnskóli Bolungarvíkur
- Stóru-Vogaskóli
- Árbæjarskóli
- Háaleitisskóli á Ásbrú
- Sandgerðisskóli
- Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
- Fjölbrautaskólinn við Ármúla
- Fjölbrautaskóli Vesturlands
- Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ
- Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
- Kvennaskólinn í Reykjavík
- Menntaskólinn á Akureyri
- Menntaskólinn á Tröllaskaga
- Verzlunarskóli Íslands
- Fjölbrautaskóli Suðurlands
- Fjölbrautaskóli Snæfellinga
- Menntaskólinn að Laugarvatni
- Menntaskólinn í Reykjavík
- Menntaskólinn við Hamrahlíð

### Ríkt samstarf við Reykjanes Geopark og skólana á Suðurnesjunum

Samstarf Félags Sp við leik-, grunn- og framhaldsskólana í Reykjanesbæ, Suðurnesjabæ og Vogum reyndist afar verðmætt fyrir uppbyggingu UNESCO-skólaverkefnisins. Bæði hafa skólarnir lagt mikið upp úr því að þróa leiðir til þess að UNESCO-starfið felli vel að þeirra áherslum í kennslu og að fá allta skólasamfélagið með. Sigrún Svafa Ólafsdóttir verkefnastjóri fræðslumála hjá Reykjanes Geopark hefur unnið markvisst og af mikilli fagmennsku að því að tengja, styðja og efla fyrrnefnt þróunarstarf og á mikið hrís skilið. Félag Sp hefur stutt við og miðlað þeirri þekkingu sem hefur skapast til annara skóla.



Mynd: Pétur verkefnastjóri og þátttakendur á vinnustofu fyrir umsjónarmenn UNESCO-skóla á Reykjanesinu

## Kynningar

Fræðsla á vettvangi UNESCO-skóla um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, mannréttindi, frið og alþjóðasamvinnu hélt áfram af krafti í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Starfið gekk vel og eftirspurn eftir kynningum var svipuð og árið áður. Verkefnastjóri heimsótti Árbæjarskóla og Menntaskólann við Sund í lok árs. Í kjölfarið skuldbundu báðir skólar sig til þess að sækja um aðild að UNESCO-skóla netinu. Kynningar fóru auk þess fram í UNESCO-skólum og á ráðstefnum, m.a. viðburðum íslensku UNESCO-nefndarinnar.



Mynd: Aldís Ögmundsdóttir og Baldur Ari Hjörvarsson í ungmennaráði heimsmarkmiðanna með Pétri verkefnastjóra heimsækja Laugarnesskóla

## Háskóli unga fólksins

Félag Sameinuðu þjóðanna bauð upp á tvö námskeið á háskóla unga fólksins. Annarsvegar *Heimsmarkmiðin í mynd* og hinsvegar *Heimsmarkmiðaratleik*. á fyrra námskeiðinu buðum við upp á spurningakeppni og buðum síðan þátttakendun að taka og greina myndir, með það að markmiði að læra um hvernig heimsmarkmiðin snerta okkar daglega líf. Á seinna námskeiðinu buðum við upp á ratleik sem endaði í heimsókn í utanríkisráðuneytið.



Mynd: Nemendur frá Menntaskólanum á Tröllaskaga heimsækja Mannréttindahúsið

## Heimsins stærsta kennslustund

Heimsins Stærsta kennslustund (Worlds Largest Lesson) er [samstarfsverkefni UNESCO](#) og [UNICEF](#) og miðar að því að efla fræðslu um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, auka vitund barna og ungmenna um alþjóðamál og sjálfbæra þróun, og hvetja þau til aðgerða. Verkefnið er framkvæmt á vegum UNESCO-skóla hér á landi, undir umsjón Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.

Fulltrúar barna- og ungmennaráðs heimsmarkmiðanna, Aldís Ögmundsdóttir og Baldur Ari Hjörvarsson, heimsóttu Laugarnesskóla og leiddu líflegar umræður við nemendur um heimsmarkmiðin og mikilvægi þeirra.



Mynd: Nemendur við Háskóla unga fólksins ásamt Martini Eyjólfssyni, ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins, og Aðalsteini Leifssyni aðstoðarmanni utanríkisráðherra.

### Námskeið um heimsmarkmiðin fyrir kennara

Námskeið fyrir kennara og skólastjórnendur um heimsmarkmiðin var haldið í fjórða sinn sl. ágúst. Mikill áhugi var á námskeiðinu og færri sem komust að en vildu. Að þessu sinni tóku hátt í 30 kennarar þátt. Kennarar á námskeiðinu voru Eva Harðardóttir, aðjúnkt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, og Pétur Hjörvar Þorkelsson, verkefnastjóri hjá Félaginu.

Þorvarður Atli Þórsson, starfsmaður utanríkisráðuneytisins og stjórnarmeðlimur félagsins mætti annað árið í röð og bauð þátttakendum að prófa örútgáfu af hermílkani Sameinuðu þjóðanna (e. Model UN). MUN er vettvangur þar sem nemendur koma saman og setja á svið starfsemi helstu stofnanna Sameinuðu þjóðanna á sem raunverulegastan hátt og takast á við aðkallandi vandamál í alþjóðasamfélaginu.

FSB sótti um styrk úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla og skólastjórnenda fyrir fimm námskeið en fékk úthlutað fyrir einu. Töluverð eftirspurn er eftir slíkum námskeiðum fyrir kennara og skólastjórnendur. Námskeiðin hafa fengið mjög góðar umsagnir þátttakenda sem segja það vel sniðið að þörfum skólafólks.



## Alþjóðaar jökla á hverfanda hveli og samkeppni ungs fólks

Alþjóðadagur jökla var markaður með viðburði 21. mars þar sem Hafdís Hanna Ægisdóttir stýrði dagskrá og Guðni Th. Jóhannesson og Jóhann Páll Jóhannsson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, fluttu ávörp. Í kjölfarið voru fluttir fyrirlestrar um stöðu jökla og framtíðarhorfur, m.a. af Hrafnhildi Hannesdóttur, Andra Gunnarssyni og Guðfinnu Aðalgeirsdóttur. Á viðburðinum var jafnframt gefin út myndasería um jökla eftir Rán Flygenring og verðlaun afhent sigurvegurum í jökla-samkeppni barna og ungmenna.

Samkeppnin var ætluð 10–20 ára og hvatti þátttakendur til að skila verkum sem varpa ljósi á eðli, mikilvægi og feegurð jökla, og hversu hverfulir þeir eru. Um 80 börn og ungmenni tóku þátt og verk þeirra voru sýnd á Barnamenningarhátíð í Perlunni 6.–16. apríl. Viðburðurinn og verkefnið voru unnin í samstarfi við fjölda stofnana og hagaðila á sviði jöklarannsókna, náttúruverndar og fræðslu. Vinningshafar unnu jöklaferðir á Mýrdalsjökul, Sólheimajökul eða Langjökul auk bókaverðlauna.



Mynd: Vinningshafar.



Mynd: frá hægri, Vala Karen framkvæmdastjóri FSP á Íslandi, með framkvæmdastjórum FSP í Finnlandi, Danmörku og Noregi, þeim Helenu, Torleif og Catharinu.

## Árlegur fundur í UN City

Starfsfólk FSP tók þátt í árlegum norrænum vinnufundi systurfélaga UNA's í Kaupmannahöfn dagana 24-25. febrúar. Fundurinn hófst á vinnufundi á skrifstofu danska félagsins þar sem farið var yfir helstu verkefni ársins, sameiginlegar áskoranir og tækifæri til aukins samstarfs, m.a. í fræðslu, miðlun og ungmennaverkefnum. Í framhaldi var haldinn fundur í UN City með fulltrúum stofnana Sameinuðu þjóðanna þar sem rætt var um áherslur og verkefni komandi tímabils, samstarfsfleti við norrænu félögin og hvernig efla mætti tengsl og sýnileika starfseminnar. Fundurinn er mikilvæg hefð í öfluglu samráði og samvinnu hinna norrænu Félaga Sameinuðu þjóðanna.

## JPO - ungliðar hjá SP

Samskiptum við ungliða var haldið uppi og upplýsingum miðlað áfram um tækifæri sem standa ungu fólki til boða til starfa á alþjóðavettvangi. Tekið var viðtal við Anastasía Jónsdóttur, greiningarsérfræðing í mannúðarmálum hjá UN Women í Jórdaníu, þar sem hún deildi reynslu sinni sem ungliði og gaf gagnleg ráð til þeirra sem hyggjast sækja um JPO-stöður. Jafnframt var laus staða hjá UN Women í Kenía auglýst sem var kynnt sem áhugavert tækifæri fyrir ungt fólk sem vill vinna að jafnréttis- og loftslagsmálum á alþjóðavettvangi, í samstarfi við utanríkisráðuneytið.



Mynd: Anastasía Jónsdóttir hefur verið JPO hjá UN Women í Jórdaníu síðan 2024.



## Spænskuhátíð og heimsmarkmiðin

Spænska sendiráðið á Íslandi stóð fyrir hinni árlegu Spænskuhátíð þar sem sjónum var beint að völdum heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Viðburðurinn var mjög vel sóttur og salurinn troðfullur, enda um lokahóf og verðlaunaafhendingu í samkeppni sem haldin var á vegum sendiráðsins. FSP kynnti starfsemi sína á staðnum ásamt UN Women og Erasmus+ og veitti gestum og áhugasömum aðilum upplýsingar og fræðslu í framhaldi af hátíðinni.

## Sjálfstæður sérfræðingur SP á Íslandi

George Katrougalos, sjálfstæður sérfræðingur Sameinuðu þjóðanna um eflingu lýðræðislegrar og réttlátrar alþjóðasamfélagsgerðar, lauk opinberri heimsókn sinni til Íslands með blaðamannafundi í Mannréttindahúsinu þann 28. maí 2025. Markmið heimsóknarinnar var að meta hvernig Ísland stuðlar að réttlátu, sanngjörnu og lýðræðislegu alþjóðakerfi. Katrougalos hefur skoðað og rætt þau tækifæri og

áskoranir sem Ísland stendur frammi fyrir á þessu sviði, ásamt því að afla sér yfirsýnar yfir góðar aðferðir og stefnumótun sem beitt hefur verið. Hann fundaði meðal annars með fulltrúum stjórnvalda, Alþingis, dómstóla, frjálsra félagsamtaka, háskólasamfélagsins og samtökum Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Katrougalos kemur til með að kynna skýrslu um niðurstöður heimsóknarinnar fyrir Mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna í september 2026.



## Nýr verkefnastjóri UN80

Félagið réði Védísi Sigrúnardóttur Ólafsdóttur í tímabundið starf sem verkefnastjóra kynningar- og fræðslumála vegna afmælisárs Sameinuðu þjóðanna, UN80. Starfið var auglýst á Alfreð í apríl og bærust yfir 50 umsóknir. Védís hóf störf í byrjun júní og gegndi hlutverkinu út árið 2025. Verkefnið var unnið í samstarfi við utanríkisráðuneytið, sem fól FSP að halda utan um viðburði og miðlun tengda afmælisárinu. Védís var félaginu vel kunnug og ekki síður starfsemi Sameinuðu þjóðanna, en hún sat í stjórn FSP frá árinu 2021 til maí 2025 og starfaði þar að auki hjá UNRWA í Jórdaníu á árunum 2016-2018.



## Bogi Ágústsson tilnefndur fyrsti heiðursfélagi FSP

Á aðalfundi Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi þann 28. maí 2025 var Bogi Ágústsson útnefndur fyrsti heiðursfélagi félagsins. Útnefningin var þakklætisvottur fyrir einstakt og langvarandi framlag hans, bæði innan FSP og í opinberri umræðu um alþjóðamál á Íslandi. Bogi var framkvæmdastjóri félagsins 1977–1981 og sat síðar í stjórn þess 2012–2015, þar sem hann lagði sitt af mörkum með miklum eldmóði og þekkingu.

Í störfum sínum sem einn virtasti fréttamaður landsins miðlaði hann alþjóðamálum og starfi Sameinuðu þjóðanna með skýrleika og ábyrgð og stuðlaði þannig að upplýstri umræðu um frið, mannréttindi og alþjóðlega samvinnu. Með viðurkenningunni vildi FSP einnig undirstrika mikilvægt hlutverk fjölmiðla í réttsýnni og ábyrgri umfjöllun um alþjóðamál.

Myndir: Bogi Ágústsson heiðraður fyrir framlag sitt til alþjóðamála.

Vala Karen Viðarsdóttir, framkvæmdastjóri FSP, ásamt Boga Ágústssyni, heiðursfélagi FSP, og Evu Harðardóttir, formanni FSP.

## Ungmennafulltrúar Sameinuðu þjóðanna frá Íslandi með skilaboð á viðburði með forseta Íslands í Japan

Á íslenska þjóðardeginum á Heimssýningunni Expo 2025 í Osaka í Japan, sem haldinn var þann 29. maí, var sýnt myndband af íslenskum ungmennafulltrúum hjá Sameinuðu þjóðunum. Í myndbandinu deila þau sýn sinni á frið, jafnrétti, sjálfbærni og framtíð samfélagsins með áherslu á að rödd ungs fólks skipti máli í alþjóðlegri umræðu.

Myndbandið var sýnt í skála Sameinuðu þjóðanna (UN Pavillion) í upphafi viðburðar þar sem forseti Íslands, Halla Tómasdóttir, átti samtál við japönsk ungmenni sem heiðursgestur dagsins.

Yfirskrift þjóðardagsins var *Friður og jafnrétti*, og markmiðið að veita gestum sýningarinnar innsýn í íslensk gildi og lífssýn.



Mynd: Frá fundi í Mannréttindahúsinu þann 17. febrúar 2025

## Samráðsfundir um setu Íslands í mannréttindaráði SP

Félag Sameinuðu þjóðanna í samstarfi við utanríkisráðuneytið, forsætisráðuneytið, Barna- og ungmennaráð heimsmarkmiða SP, Landssamband ungmennafélaga, Höfða friðarsetur Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands hélt opinn fund þann 6. júní. Þar var boðið var upp á samtál um Sáttmála framtíðarinnar.

Fundurinn var haldinn í samhengi við Leiðtogafund um framtíðina (e. Summit of the Future) sem var haldinn í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York þar sem leiðtogar heimsins komu saman til að samþykkja nýtt alþjóðlegt samkomulag um hvernig bæta megi samtíð okkar og tryggja gæfuríkari framtíð. Hið nýja samkomulag, Sáttmáli framtíðarinnar (e. Pact for the Future), er einstakt tækifæri til að endurheimta það traust sem hefur glatast og sýna fram á að með alþjóðlegri samvinnu er hægt að takast á við þær sameiginlegu áskoranir sem heimurinn stendur frammi fyrir.



## Skýrsla Mannfjöldasjóðs SP kynnt í Loftskammtöðinni

Félagið, í samstarfi við Endósamtökin og með stuðningi utanríkisráðuneytisins, stóð fyrir kynningarfundum í Loftskammtöðinni 16. september í tilefni af útgáfu skýrslu Mannfjöldasjóðs SP um stöðu mannfjöldapróunar 2025 (e. State of the World Population). Viðburðurinn var haldinn á íslensku en pallborðsumræður fóru fram á ensku. Fundurinn hófst með ávörpum frá Önnu Margréti Hrólfsdóttur, Mörtu Birnu Baldursdóttur og Klaus Simoni Pedersen. Í pallborði sátu Ulla Müller, Eydís Sara Óskarsdóttir, Sunna Kristín Símonardóttir og Gústav Adolf Bergmann Sigurbjörnsson. Á viðburðinum opnaði einnig sýning með verkum sem prýða skýrsluna og boðið var upp á léttar veitingar. Umræður beindust að frjósemisfrelsi og þeim hindrunum sem móta möguleika fólks til að taka upplýstar ákvarðanir um barneignir.

Mynd: Þátttakendur í panel ásamt Klaus Simoni Pedersen og Ulla Möller sem starfa hjá UNFPA.

## Fánadagur heimsmarkmiðanna

Í tilefni fánadags heimsmarkmiðanna 25. september stóð félagið og UN Global Compact á Íslandi fyrir fánadegi heimsmarkmiðanna í þriðja skiptið og hvatti fyrirtæki, sveitarfélög, almenning, skólasamfélagið og samstarfsaðila til þátttöku. Á deginum var þess minnst að aðeins fimm ár væru eftir til að ná markmiðunum og bent á áskoranir sem og áþreifanlegan árangur þar sem samvinna skilar árangri.



Mynd: Víðsvegar um landið voru skólar með fána að húni. Hér má sjá fána sem Grunnskóli Bolungarvíkur flaggaði í tilefni dagsins.



## Heimsmarkmiðin gefin út á auðlesnu máli

Í tilefni fánadags heimsmarkmiðanna gaf félagið, í samstarfi við Miðstöð um auðlesið mál, út heimsmarkmiðin á auðlesnu máli. Markmið útgáfunnar var að gera heimsmarkmiðin aðgengilegri fyrir fleiri og hvetja almenning til að leggja sitt af mörkum til að ná árangri í þeim. Í bæklingnum var stuðst við skýrt orðalag, einfaldari setningagerð og stuttan texta til að auðvelda lesendum að skilja efnið og taka þátt í umræðu og aðgerðum í þágu sjálfbærrar framtíðar.

Verkefnið var unnið með styrk frá ÖBÍ réttindasamtökum, sem FSP þakkaði kærlega fyrir stuðninginn, og jafnframt var Miðstöð um auðlesið mál þakkað fyrir gott samstarf. FSP hóf í kjölfarið vinnu við frekara auðlesið efni og undirbúning sérstaks vefsvæðis tileinkað þessu efni.

## Verður heimurinn betri? Bókaútgáfa og nýr vefur

Vefurinn Verður heimurinn betri? ([verdurheimurinnbetri.is](http://verdurheimurinnbetri.is)) og samnefnd bók voru gefin út 14. október í samstarfi við Miðstöð menntunar- og skólaþjónustu. Vefurinn, sem var hannaður fyrir UNDP í Svíþjóð í samráði við ungt fólk, var kynntur á útgáfuhófi í Fjölbrautaskólanum við Ármúla þar sem um 100 ungmenni mættu. Viðburðurinn einkenndist af góðri þátttöku nemenda sem meðal annars tóku þátt í happdrætti, og undir lok viðburðarins var boðið upp á léttar veitingar. Verður heimurinn betri er kennsluverkfæri sem styður gagnrýna hugsun og ígrundun um stöðu heimsins og heimsmarkmiðin með gagnvirku efni fyrir skóla, kennara og aðra áhugasama. Bókin var jafnframt send á alla grunn- og framhaldsskóla landsins. Útgáfa vefsins var styrkt af mennta- og barnamálaráðuneytinu og útgáfa og þýðing bókarinnar af utanríkisráðuneytinu. Vefurinn var unnin af 14islands og er vefurinn á íslensku sá fyrsti til að vera gefinn út á öðru máli en sænsku.



## Fyrsta Model UN á Íslandi í yfir 10 ár

Fyrsta Model United Nations (MUN) á vegum FSP í yfir 10 ár fór fram 1. nóvember, þegar yfir 25 framhaldsskólanemendur frá Kvennaskólanum í Reykjavík, FÁ, FB, MH og Verzlunarskóla Íslands komu saman í Sögu, húsnæði Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, til að setja upp Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna. Nemendur höfðu fengið úthlutað ríki og unnu í samstarfi við aðra fulltrúa að því að semja og ná samstöðu um ályktun. Viðfangsefnið var krefjandi og tímabært: fæðuöryggi í Súdan í ljósi átaka og loftslagsbreytinga. Módelinu var fylgt af alvöru metnaði og ferlið gekk vonum framar; hópnum tókst að samþykkja ályktun í nafni Öryggisráðsins. Viðburðurinn var haldinn í góðu samstarfi við Menntavísindasvið HÍ og með stuðningi Loftslagssjóðs ungs fólks í Reykjavíkurborg og lagði skýran grunn að áframhaldandi uppbyggingu MUN-starfseminnar.



## Flóttamannafulltrúi Sameinuðu þjóðanna, Filippo Grandi, fundaði með íslenskum félagasamtökum

Fundur var haldinn með Filippo Grandi, flóttamannafulltrúa Sameinuðu þjóðanna, og Annika Sandlund, svæðisstjóra UNHCR fyrir Norðurlönd og Eystrasaltsríkin, þar sem fulltrúar íslenskra félagasamtaka og sérfræðingar á sviði flóttamála og alþjóðlegrar verndar komu saman. Rætt var um stöðu mála á Íslandi, löggjöf og kerfisbundnar áskoranir, aðstæður viðkvæmra hópa, aðgengi að þjónustu og samþættingu flóttafólks og innflytjenda. Grandi lagði áherslu á mikilvægi opins samtals og náins samstarfs við borgarasamfélagið og undirstrikaði að stjórnvöld gætu ekki tekist á við verkefnið án þekkingu og reynslu þeirra sem vinna daglega að málefnum flóttafólks og mannréttinda. Fundurinn var hluti af fyrstu opinberu Íslandsheimsókn Grandi sem fór fram á síðustu vikum hans í embætti eftir langa þjónustu sem flóttamannafulltrúi. Í heimsókninni átti hann jafnframt fundi með forsætisráðherra, utanríkisráðherra og forseta Íslands.



Myndir: til vinstri: Mbl.is, til hægri - Grandi með fulltrúum íslenskra félagasamtaka.

## Ljósmyndasýningin NærVera

Sýningin NærVera var sett upp í Loftskeytastöðinni og stóð yfir 1.–17. desember. Hún byggði á ljósmyndum úr 25 einnota filmumyndavélum sem var dreift til þátttakenda á aldrinum 6–75 ára, sem leituðust við að fanga nærumhverfi sitt og þá náttúru sem þau umgangast í daglegu lífi innan marka Reykjavíkur. Verkefnið hvatti þátttakendur til að íhuga tengsl sín við náttúruna og setti spurningar um nærveru hennar, áhrif og birtingarmyndir loftslagsáhrifa í forgrunn. Myndirnar endurspegluðu fjölbreytt sjónarhorn þar sem hið manngerða og náttúrulega mættust í augnablikum sem oft fara fram hjá okkur. Verkefnið var styrkt af Loftslagssjóði ungs fólks í Reykjavík, unnið á vegum ungmennafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og FSP, í samstarfi við Amnesty International á Íslandi. Verkefnastjórn var í höndum Stefaníu Sigurdísar Jóhönnudóttur, sem einnig sá um sýningarstjórn ásamt Erlu Sverrisdóttur.



## Draumur um jökul - menntskælingar á Sólheimajökli

Nemendur úr Menntaskólanum við Sund og Fjölbrautaskólanum við Ármúla heimsóttu Sólheimajökul í fylgd leiðsögumans frá Asgard Beyond í tengslum við verkefnið Draumur um jökul, sem var

samstarfsverkefni skólanna og FSP í tilefni alþjóðlegs árs jökla. Í undirbúningi ferðarinnar hittu nemendur Hrafnhildi Hannesdóttur, fagstjóra jöklarannsókna hjá Veðurstofu Íslands, og fengu fræðslu um jökla og jöklarannsóknir. Á vettvangi fengu þau jöklabúnað og fræðslu um myndun jökla og þær miklu breytingar sem orðið hafa vegna hlýnunar loftslags. Samhliða ferðinni unnu nemendur að skapandi miðlun, skipulögðu tölur og söfnuðu myndefni og viðtölum til að vekja athygli á áhrifum loftslagsbreytinga. Verkefnið hlaut styrk úr Loftslagssjóði ungs fólks.



## Viðburðir í tilefni 80 ára afmæli Sameinuðu þjóðanna

### Morgunverðarfundur

Félag Sameinuðu þjóðanna stóð, í samvinnu við Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands, fyrir opnum umræðufundi í tilefni af 80 ára afmæli Sameinuðu þjóðanna. Viðburðurinn var vel sóttur og einkenndist af fjölbreyttum og yfirveguðum umræðum um áskoranir, tækifæri og framtíðarsýn SP í samhengi fortíðar, samtíðar og framtíðar. Bogi Ágústsson, heiðursfélagi FSP, stýrði fundinum og setti tóninn með hugleiðingu um mikilvægi SP í samtímanum. Guðni Th. Jóhannesson fjallaði um togstreitu þjóðlegra og alþjóðlegra hagsmuna í sögulegu samhengi, Helen María Ólafsdóttir dró fram mikilvægi mannúðar- og öryggisstarfs SP á átakasvæðum, Árni M. Mathiesen fjallaði um áhrif smáríkis á borð við Ísland á vettvangi SP, og Þorgerður María Þorbjarnardóttir lagði áherslu á hugröck skref í umhverfis- og loftslagsmálum og samvinnu þvert á sérsvið. Fundurinn undirstrikaði mikilvægi SP sem lykilvettvangs fyrir alþjóðlegt samstarf og markaði upphaf afmælisársins.



Mynd: Védís Ólafsdóttir, Vala Karen, Bogi Ágústsson, Þorgerður María, Guðni Th., Helen María, Árni M. og Eva Harðardóttir.

### Málstofa um Sameinuðu þjóðirnar og mannréttindaráðið á friðarráðstefnu

Málstofan „Protecting Rights Together: The Role of the United Nations in Today’s Human Rights Struggles“ fór fram 10. október sem hluti af Imagine Forum ráðstefnunnar, þar sem sjónum var beint að sameiginlegri ábyrgð ríkja á vernd og eflingu alþjóðlegra mannréttinda. FSP kom að skipulagningu friðarráðstefnunnar, sérstaklega með aðkomu að þessari málstofu. Katja Creutz flutti inngangserindi og í kjölfarið fóru fram pallborðsumræður um hlutverk Sameinuðu þjóðanna og Mannréttindaráðsins, þar á meðal um áhrif og tækifæri smærri ríkja innan kerfisins. Þátttakendur í pallborðinu voru Jessica Stern, Einar Gunnarsson og Arndís Anna Kristínardóttir Gunnarsdóttir, auk Katju Creutz og Kristján Guy Burgess stýrði umræðum. Málstofan tengdi saman sjónarhorn fræðasamfélags, stjórnsýslu og borgarasamfélags og lagði áherslu á mannréttindi sem grundvöll varanlegs friðar.



Mynd: frá pallborðsumræðum.

### Alþjóðlegt málþing um konur, frið og öryggi

Alþjóðlegt málþing um konur, frið og öryggi var haldið 10. nóvember í Hátíðarsal Háskóla Íslands í samstarfi utanríkisráðuneytisins, Nordic Women Mediators Network, Jafnréttisskóla GRÓ, Alþjóðamálastofnunar HÍ, UN Women Ísland og FSP. Málþingið var haldið samhliða Heimsþingi kvenleiðtoga og í tilefni 25 ára afmælis ályktunar Öryggisráðs SP nr. 1325.



### Afmælisveisla SP og Lína langsocks í Norræna húsinu

80 ára afmælisveisla Sameinuðu þjóðanna og Línu langsocks var haldin í Norræna húsinu 9. nóvember í samstarfi við UNICEF á Íslandi. Viðburðurinn var ætlaður börnum á aldrinum 3–12 ára og fylgdarfólki þeirra og bauð upp á fjölbreytta dagskrá, m.a. sögustundir á íslensku og sænsku, heimsmarkmiðabingó og föndursmiðju á barnabókasafninu. Gestum gafst einnig kostur á að skoða sýningu um Línu, lýðræði og raddir barna.

Viðburðurinn tókst afar vel til og um 250 manns mættu í Norræna húsið þennan afmælisdag.



### Mannréttindi í mótvindi: Ábyrgð og áhrif Íslands á alþjóðavettvangi

Morgunmálstofa var haldin 10. desember, á alþjóðlegum degi mannréttinda, í samstarfi við utanríkisráðuneytið og Alþjóðamálastofnun HÍ. Þar var rætt um stöðu mannréttinda í heiminum og ábyrgð Íslands sem smárikis á að standa vörð um mannréttindi og alþjóðalög á alþjóðavettvangi. Sérstök áhersla var lögð á mikilvægi samstöðu á tímum bakslags í mannréttindum og hvernig Ísland gæti verið öflugur málsvári mannréttinda í starfi sínu. Utanríkisráðherra flutti opunarávarp og í kjölfarið fóru fram pallborðsumræður með fulltrúum úr fræðasamfélagi, stjórnsýslu og borgarasamfélagi, undir stjórn Kára Hólmars Ragnarssonar. Markaði þessi viðburður endalok á viðburðarríku hausti í tengslum við 80. afmælisár SP.

# INNRA STARF FÉLAGSINS

## Stjórn, starfsfólk og starfsnemar

### Stjórn 2025

Meginhlutverk stjórnar er að sjá til þess að félagið vinni að markmiðum sínum. Ný stjórn tók við keflinu á aðalfundi samtakanna 28. maí 2025 og starfa fram að aðalfundi 2027. Stjórn skipa nú átta aðilar úr hinum ýmsu áttum samfélagsins og eru stjórnarstörf með öllu ólaunuð. Formaður félagsins fer fyrir stjórn sem markar stefnu og framtíðarsýn fyrir félagið, fjallar um verkefni þess, mannauðsmál og hefur yfirsýn með fjármálum. Stjórnarmenn taka þátt í starfsemi og viðburðum félagsins. Formaður fer með leiðtogahlutverk og kemur fram fyrir hönd félagsins svo sem á viðburðum, í fjölmiðlum og gagnvart stjórnvöldum og samstarfs- og styrktaraðilum þegar kemur að ólíkum verkefnum. Formaður starfar náið með framkvæmdastjóra milli stjórnarfunda.

Stjórn samþykkti stefnu árið 2023 sem gildir út 2025, en árið 2024 samþykkti stjórn siða- og starfsreglur stjórnar sem nálgast má á [vefsíðu](#) félagsins.

### Stjórn félagsins 2025-2027 skipa:



**Eva Harðardóttir**  
Formaður



**Þórður Kristinsson**  
Varaformaður



**Erlingur Erlingsson**



**Helen Ólafsdóttir**



**Rakel Anna Boulter**



**Páll Davíð Ásgeirsson**



**Viktoría Valdimarsdóttir**



**Þorvarður Atli Þórsson**

### Skoðunarmenn reikninga

Skoðunarmenn reikninga úr félagatali eru þau Þröstur Freyr Gylfason og Unnur Lárusdóttir, en þau voru kosin skoðunarmenn á aðalfundi stjórnar 2025 til tveggja ára.

## Starfsfólk



**Vala Karen Viðarsdóttir**  
*Framkvæmdastjóri*



**Pétur Hjörvar Þorkelsson**  
*Verkefnastjóri kynningar-  
og fræðslu*



**Védís Ólafsdóttir**  
*Verkefnastjóri UN80 frá  
júní-desember 2025*

## Starfsnemar

Samningur Félags Sameinuðu þjóðanna við Háskóla Íslands þar sem nemendur á meistarastigi í alþjóðasamskiptum fá tækifæri til að starfa við félagið sem starfsnemar og fá þá reynslu metna sem hluta af meistaranámi sínu er enn í gildi. Starfsnemar sinna fjölbreyttum verkefnum félagsins og er aðkoma þeirra afar mikilvæg og við hlökkum til að taka á móti nýjum starfsnemunum ár hvert.

### Starfsnemar 2025

**Gunnhildur Birna Gunnarsdóttir** var starfsnemi hjá félaginu frá janúar til maí og kom að fjölbreyttum verkefnum í kynningu og fræðslu, m.a. textavinnu, prófarkalestri, miðlun á samfélagsmiðlum og undirbúningi efnis tengdu Alþjóðaári jökla og Heimsins stærstu kennslustund. Hún lagði einnig sitt af mörkum við greinarskrif og vefefni og undirbúning kynningarátaka.



**Gunnhildur**

**Sæunn Emilia Tómasdóttir** var starfsnemi að hausti, frá september til desember og studdi við miðlun, fræðslu og viðburðahald á annasömu tímabili 80. afmælisárs Sp, m.a. með undirbúningi og framkvæmd Módel UN ráðstefnu, viðburðum og herferðum tengdum afmælinu, þýðingum og frágangi fræðsluefnis fyrir UNESCO/ASPnet, og efnisvinnu fyrir samfélagsmiðla.



**Sæunn**

Gunnhildi og Sæunni eru færðar miklar þakkir fyrir framlag sitt og tíma hjá félaginu.

## Innra starf í tölum 2025

 2-3 starfsmenn

 2 starfsnemar

 8 stjórnarmeðlimir

 27 UNESCO-skólar

 23 kynningar í leik- grunn-, framhalds-, og háskólum náðu til tæplega 1.000 nemenda

 22 námskeið/vinnustofur/kynningar/viðburðir

 361 félagar, þar af 2 fyrirtæki/stofnanir - 7% aukning frá '24

 5.397 fylgjendur á samfélagsmiðlum - 9% aukning frá '24

# TEKJUR OG GJÖLD 2025

## Tekjur

Tekjur ársins 2025 námu 32.103.340 kr. Stærsti hluti tekna voru framlög og greiðslur til kynningar og fræðslu í tengslum við þau verkefni sem félagið sinnir. Félagið fékk samtals 18.900.000 kr. í framlag frá utanríkisráðuneytinu árið 2025, þar af rúmlega 12.000.000 kr sem falla undir rammisamning, 9.999.000 kr. frá mennta- og barnamálaráðuneytinu fyrir UNESCO-skólaverkefnið. 59.340 kr. komu inn í gegnum verkefni og viðburði tengd heimsmarkmiðunum og 261.000 kr. í námskeiðsgjöld. Aðrar tekjur voru 2.730.000 kr. að mestum hluta vegna Loftslagssjóðs ungs fólks í Reykjavík en FSB hlaut þrjá styrki fyrir verkefni árið 2025, aðrar tekjur voru m.a. greiðsla fyrir námskeiðshald frá Endurmenntunarsjóði grunnskólakennara.


## Gjöld

Stærsti útgjaldaliður ársins 2025 er liðurinn Verkefni og viðburðir, eða 26.501.069 kr. Viðamestu verkefnin voru UNESCO-skólaverkefnið með 10.662.490 kr., UN80 með 5.954.408 kr. og kynningar á þróunarmálum og starfsemi SP, 2.142.397 kr. Önnur gjöld eru liðir í kynningu sem skiptast á milli verkefna. Rekstrarstjórn og umsýsla nam kr. 5.527.928 kr. þar sem hlutdeild starfsmannakostnaðar nam kr. 2.220.299 kr. og hlutdeild í leigu og rekstri sameignar skrifstofu voru samtals kr. 1.323.901 kr. Yfirstjórn, skýrslur og samskipti námu kr. 996.169 kr. Þar er hlutdeild í sérfræðikostnaði og reikningslegri aðstoð með stærstu liðum, eða 561.254 kr.


## Niðurstaða

Hagnaður (tap) af rekstri ársins var kr. (606.671 kr).

### TEKJUR 2025



### GJÖLD 2025



# SAMSTARFSADILAR

## Utanríkisráðuneytið

Félag Sameinuðu þjóðanna á rætur sínar að rekja til utanríkisráðuneytisins en starfsemi félagsins var lengi í höndum starfsmanna ráðuneytisins. Félagið hefur meðal annars í gegnum árin sinnt kynningu á starfi Íslands á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og hefur samstarfið verið gjöfult. Opinber framlög til félagsins skv. rammisamningi 2023-2025 voru 12.000.000 kr. fyrir árið 2025, en samtals 18.900.000 kr meðal annars vegna 80 ára afmæli SP og útgáfu *Verður heimurinn betri?*. Þessir fjármunir hafa gert félaginu kleift að auka umsvif í formi fjölbreyttrar fræðslu og kynninga fyrir almenning og sérstaklega ungt fólk. Samstarfssamningur utanríkisráðuneytisins og félagsins hefur það helst að markmiði að efla kynningu á hlutverki og starfi Sameinuðu þjóðanna, og stuðla að aukinni umfjöllun um alþjóðamál með sérstakri áherslu á þróunarmál og heimsmarkmiðin.

## Mennta- og barnamálaráðuneytið

Mennta- og barnamálaráðuneytið hefur í gegnum árin greitt FSP fyrir ýmis verkefni. Árið 2022 var skrifað undir fjögurra ára rammisamning sem gildir út árið 2025 um greiðslu fyrir utanumhald UNESCO-skólaverkefnisins, alls 40.000.000 kr. Þessi tímamótasamningur gerði félaginu kleift að hafa verkefnastjóra í fullu starfi við að efla UNESCO-skóla. Skólum í verkefninu hefur fjölgað úr 4 frá árinu 2021 í 27 árið 2025 en þátttaka í verkefninu er opin öllum leik-, grunn- og framhaldsskólum, þeim að kostnaðarlausu, samkvæmt stefnu UNESCO.

## Íslenska UNESCO-nefndin

Íslenska UNESCO-nefndin hefur verið einn helsti tengiliður og samstarfsaðili félagsins við mennta- og barnamálaráðuneytið. Það er félaginu gríðarlega mikilvægt að halda áfram því góða samstarfi sem það á við ráðuneytið og íslensku UNESCO-nefndina til þess að efla enn frekar og stuðla að fjölgun UNESCO-skóla á Íslandi og auka samstarf við aðra sem vinna að málefnum UNESCO á Íslandi.

## Norðurlandasamstarf

Félag Sameinuðu þjóðanna er í öflugum samstarfsneti með systursamtökum sínum á Norðurlöndum. Þau hafa yfir að ráða ógrynni af upplýsingaefni og fræðsluefni um SP sem og öðru sem nýst getur almenningi og stjórnvöldum. Árlega eru haldnir samráðsfundir meðal félaganna þar sem skipst er á hugmyndum, enda fer mikið starf fram hjá félögum sem hafa nokkur hver um sig um 10-30 starfsmenn í fullu starfi ásamt starfsmenum. Félög SP á Norðurlöndum eru mjög virt innan heimssamtaka Félaga SP, WFUNA. Því er það félaginu mikils virði að fá að vinna með þeim á tveimur fundum sem haldnir eru sameiginlega á ári hverju. Annar fundurinn er haldinn í Kaupmannahöfn (UN City) ásamt öðrum samstarfsstofnunum SP en hinn er eingöngu fyrir félög SP á Norðurlöndum sem skiptast á að halda fundinn.

## GRÓ - Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu

Stór hluti framlaga stjórnvalda til fjölþjóðlegrar þróunarsamvinnu rennur til stofnana og sjóða á vegum Sameinuðu þjóðanna. Að auki rennur hluti til GRÓ – þekkingarmiðstöðvar þróunarsamvinnu (áður Háskólar Sameinuðu þjóðanna). Á Íslandi eru starfandi fjórir skólar innan vébanda GRÓ:

- **Sjávarútvegsskólinn**
- **Jafnréttisskólinn**
- **Landgræðsluskólinn**
- **Jarðhitaskólinn**

GRÓ starfar undir merkjum UNESCO og er það von félagsins að samstarfið eflist til muna og að hægt verði að tengja betur UNESCO-skólaverkefnið og GRÓ og að félagið geti gert skil á því starfi sem skólarnir vinna í tengslum við þróunarsamvinnu Íslands.

### Ungmennafulltrúar Íslands hjá SP - samstarf við Landssamband ungmennafélaga (LUF)

Frá árinu 2019 hafa FSP og LUF verið í samstarfi um sendinefnd ungmennafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum (e. [UN Youth Delegation Programme](#)). Alls eru nú um 11 fulltrúar á sex mismunandi sviðum: á sviði mannréttinda, sjálfbærrar þróunar, barna- og ungmenna, loftlagsmála, kynjajafnréttis, og mennta-, vísinda- og menningar.

Ungmennafulltrúarnir eru lýðræðislega kjörnir af aðildarfélögum Landssambands ungmennafélaga (LUF) og sækja viðburði Sameinuðu þjóðanna í umboði íslenskra ungmenna.

### Forsætisráðuneytið og Fjármála- og efnahagsráðuneytið

FSP hefur átt í virku samtali og samstarfi við forsætisráðuneytið um innleiðingu og miðlun heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, meðal annars í tengslum við samráð við borgarasamfélagið og stuðning við þátttöku ólíkra hópa í umræðu um heimsmarkmiðin. Barna- og ungmennaráð heimsmarkmiðanna var til loka árs 2025 undir forystu forsætisráðuneytisins, en málaflökkur heimsmarkmiðanna færðist í kjölfarið í miðlæga umsjá Fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Á árinu 2025 hófust samræður við ráðuneytið um áframhaldandi fyrirkomulag og nýjan farveg fyrir þátttöku ungmenna og tengd verkefni sem taka mun við af starfsemi ráðsins, í samræmi við breytta stjórnsýslu málaflökksins.

### Alþjóðamálastofnun HÍ

Á árinu var samstarf FSP við Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands eft verulega, einkum í tengslum við viðburði og verkefni tengd Sameinuðu þjóðunum og 80 ára afmæli þeirra (UN80). Samstarfið styrkir tengsl félagsins við akademíu og undirstrikar mikilvægi þess að byggja fræðslu og umræðu um alþjóðamál á faglegri þekkingu, rannsóknum og virku samtali við fræðasamfélagið.

### Menntavísindasvið

Á síðasta ári var samstarf FSP við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og NÝmennt styrkt og tengslin við akademíu dýpkuð, bæði í gegnum fræðslu og viðburði. Sérstaklega skipti samstarfið miklu í tengslum við Model UN-ráðstefnurnar, þar sem aðstaða, faglegur stuðningur og samvinna við fræðasamfélagið studdu við uppbyggingu verkefnisins og þátttöku framhaldsskólanema. Á sama tíma var unnið saman að öðrum viðburðum á önninni, m.a. á sviði jafnréttismála og kynningum á skýrslum Sameinuðu þjóðanna. Samstarfið hefur reynst afar mikilvægt til að styrkja faglega umgjörð fræðslustarfsins og byggja upp varanlega brú milli skólasamfélags, fræðasamfélags og alþjóðamála.

### Mannréttindahúsið

Félag SP er til húsa í Mannréttindahúsinu, Sigtúni 42. Þar eru ótal mörg samtök sem vinna dags daglega í mannréttindabaráttu en FSP leigir þar af ÖBÍ.

Í Mannréttindahúsinu eru reglulega haldnir viðburðir, svokallaðir Mannréttindamorgnar, sem eru iðulega á fimmtudögum. Þá hefur FSP einnig fengið vilyrði húseigenda til þess að bjóða reglulega til samtals utanríkisráðuneytisins við íslenskt borgarasamfélag í tengslum við setu Íslands í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna. Ísland hlaut þar kosningu að hausti 2024, en setan er til þriggja ára, eða árin 2025-2027. Mannréttindahúsið er með [vefsíðu](#) þar sem nálgast má upplýsingar um samtökin í húsinu og fyrirhugaða viðburði.

# LÖG FÉLAGSINS

## 1. grein

Markmið Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi er:

- Að vinna almenning í landinu til fylgis og stuðnings við samtök Sameinuðu þjóðanna.
- Að samræma starf þeirra félagssamtaka sem leggja vilja lið sitt til þess að framkvæma hugsjónir Sameinuðu þjóðanna.
- Að stuðla að aukinni samvinnu allra þjóða heims.
- Að vinna að því að treysta alþjóðafrið og öryggi.
- Að vinna að því í samvinnu við blöð, útvarp, sjónvarp og skóla að kynna Íslendingum hugsjónir og starfsemi hinna Sameinuðu þjóða.

## 2. grein

Félagi Sameinuðu þjóðanna á Íslandi geta verið einstaklingar, félög, fyrirtæki og stofnanir, svo sem bókasöfn og skólar.

Heimilt er að kjósa heiðursfélaga úr hópi félagsmanna.

## 3. grein

Stjórn félagsins ákveður félagsgjöld og getur leitað eftir stuðningi aðila sem styðja vilja stefnumið félagsins.

## 4. grein

Aðalfundur Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi skal haldinn fyrir 1. júní ár hvert. Aðalfundur skal boða skriflega með 14 daga fyrirvara. Rétt á fundarsetu hafa þeir meðlimir sem gerst hafa félagar eigi síðar en mánuði fyrir aðalfund. Á aðalfundi skal gefin skýrsla um starfsemi félagsins og fjárhag á liðnu starfsári. Starfsár og reikningsár félagsins er almanaksárið og skulu reikningar félagsins yfirfarnir af löggiltum endurskoðanda. Aðeins á aðalfundi má bera upp tillögur um breytingar á lögum félagsins enda hafi slíkar tillögur verið kynntar framkvæmdastjórn með viku fyrirvara. Til samþykktar þeirra þarf stuðning 2/3 – tveggja þriðju hluta – fundarmanna. Stjórn félagsins skal skipa eigi færri en sjö menn og eigi fleiri en 12 menn. Aðalfundur félagsins ákveður fjölda stjórnarmanna hverju sinni sem skulu kosnir til tveggja ára í senn. Formaður og varaformaður skulu kosnir sérstaklega. Að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Stjórnin skal kosin á aðalfundi annað hvert ár og skal hittast eigi sjaldnar en átta sinnum á ári.

Framkvæmdastjórn skulu skipa formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri, og sinnir þeim störfum sem stjórnin felur henni og samkvæmt lögum þessum.

Á aðalfundi skulu og kosnir tveir endurskoðendur til tveggja ára.

Endurkosning manna í stjórn er heimil.

Falli atkvæði að jöfnu á stjórnarfundum ræður atkvæði formanns.

Stjórnin boðar til fundar í félaginu þegar henni þurfa þykir eða þegar fimmtíu félagar hið minnsta æskja þess.

Stjórninni er heimilt að ráða framkvæmdastjóra til að annast daglegan rekstur félagsins.

## 5. grein

Lögheimili félagsins og varnarþing þess er í Reykjavík. Heimilt er að stofna einstakar deildir félagsins hvar sem er á landinu.

# ÞAKKIR

14islands - Hjörtur Hilmarsson  
Aldís Ögmundsdóttir  
Alþjóðamálastofnun HÍ  
Amnesty á Íslandi  
Andri Snær Magnason  
Arna Dís Heiðarsdóttir  
Arion Banki  
Aþena Gunnarsdóttir  
Árni M. Mathiesen  
Barna- og ungmennaráð heimsmarkmiða SP  
Bogi Ágústsson  
Einar Ben  
Eliza Reid  
Endósamtökin  
Embætti landlæknis  
Exeter Hotel  
Fannar Logi Waldorff  
Fastanefnd Íslands hjá SP í New York  
Festa - Miðstöð um sjálfbærni  
Félag kynjafræðikennara  
Guðni Th. Jóhannesson  
Gréta Gunnarsdóttir  
Gústav Adolf Bergmann Sigurbjörnsson  
Hafdís Hanna Ægisdóttir  
Halla Tómasdóttir - Forseti Íslands  
Heiðrún Ingólfssdóttir  
Heiðrún Vala Hilmarisdóttir  
Helen María Ólafsdóttir  
Helga Aradóttir  
Helgi Björnsson  
Jarðvísindastofnun HÍ  
Jöklarannsóknarfélag Íslands  
Kvennaskólinn í Reykjavík  
Laura Sólveig Lefort Scheefer  
Loftskeytastöðin  
Mannréttindahúsið  
María Rún Þorsteinsdóttir  
Menntavísindasvið Háskóla Íslands  
Miðstöð menntunar og skólaþjónustu  
Miðstöð um auðlesið mál  
Náttúruminjasafn Íslands  
Nína Rakel Svavarsdóttir  
Norræna Húsið  
Nýmennt  
Oddur Sigurðsson  
Origo  
Öryrkjabandalagið  
Ragna Björk Snæbjörnsdóttir  
Ragnhildur Katla Jónsdóttir  
Rán Flygenring  
Sandra Gunnarsdóttir  
Sara Júlía Baldvinsdóttir  
Sendiráð Íslands í Tokyo  
Sigrún Svafa Ólafsdóttir  
Silja Bára R. Ómarsdóttir  
Sjálfbærnistofnun HÍ  
Suðurnesjavettvangur  
Sunna Kristín Símonardóttir  
Stefanía Sigurdís Jóhönnudóttir  
Stefán Ari Dahl  
Steinar Júlíusson  
Svanhildur Þorvaldsdóttir  
Tumi Steingrímsson  
UN Global Compact á Íslandi  
UNICEF á Íslandi  
UN Women á Íslandi  
Vatnajökulspjóðgarður  
Veðurstofa Íslands  
Vigdísarstofnun  
Þorgerður María Þorbjarnardóttir  
Þórhildur Davíðsdóttir Söebeck



# Félag Sameinuðu þjóðanna UNA ICELAND

Ársskýrsla Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi: Starfsemi og  
ársreikningur 2025

Myndir úr starfi félagsins tóku starfsfólk, stjórnarmeðlimir og/eða aðrir  
aðilar á vegum félagsins eða í beinu samstarfi

Ritstjórn ársskýrslu: Vala Karen Viðarsdóttir og Pétur Hjörvar Þorkelsson.  
Ábyrgðarmaður: Eva Harðardóttir, stjórnarformaður

---

© Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi  
Mannréttindahúsinu Sigtúni 42, 105 Reykjavík

[www.un.is](http://www.un.is)

UNA Iceland á samfélagsmiðlum